

## REGLUGERÐ

### um staðlað eyðublað sem lánveitandi notar til að veita neytanda upplýsingar áður en lánessamningur er gerður.

#### 1. gr.

##### *Upplýsingar áður en lánessamningur er gerður.*

Lánveitandi skal með eðlilegum fyrirvara veita neytanda nauðsynlegar upplýsingar áður en lánessamningur er gerður til þess að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánessamning, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu veittar á staðlað eyðublað sem birt er í viðauka I við reglugerð þessa.

Heimilt er að nota staðlað eyðublað, sem birt er í viðauka II við reglugerð þessa, við upplýsingagjöf skv. 8. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán.

#### 2. gr.

##### *Eftirlit Neytendastofu.*

Neytendastofa annast eftirlit með reglugerð þessari. Um eftirlit, viðurlög og réttarráæði gilda ákvæði IX. kafla laga nr. 33/2013, um neytendalán.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing EB-gerðar.*

Með reglugerð þessari er eftirfarandi EES-gerð innleidd í íslenskan rétt:

- a. II. viðauki við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB, frá 23. apríl 2008, um lánessamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 27. september 2012, bls. 36, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16, 19. mars 2009, bls. 24.

#### 4. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 27. gr., sbr. 2. mgr. 7. gr., laga nr. 33/2013, um neytendalán, og öðlast gildi 1. nóvember 2013.

*Innanríkisráðuneytinu, 17. október 2013.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**VIÐAUKI 1**  
**Staðlaðar upplýsingar um neytendalán.**

<b>1. Upplýsingar um lánveitanda og lánamiðlara.</b>	
Lánveitandi	[Heiti og kennitala]
Heimilisfang	[Heimilisfang sem neytanda ber að nota í samskiptum við lánveitanda]
Símanúmer (*)	
Tölvupóstfang (*)	
Bréfsímanúmer (*)	
Veffang (*)	
Ef við á:	
Lánamiðlari	[Heiti og kennitala]
Heimilisfang	[Heimilisfang sem neytanda ber að nota]
Símanúmer (*)	
Tölvupóstfang (*)	
Bréfsímanúmer (*)	
Veffang (*)	
(*) Valkvætt er fyrir lánveitanda/lánamiðlara að veita þessar upplýsingar.	
Þegar „ef við á“ er tilgreint skal lánveitandi/lánamiðlari fylla út reitinn ef upplýsingarnar varða lánsamning en eyða viðkomandi upplýsingum eða allri línunni ef upplýsingarnar varða ekki þá tegund láns sem haft er í huga	
Texti innan hornklofa er til skýringar fyrir lánveitanda/lánamiðlara og í hans stað skal setja tilgreindar upplýsingar	
<b>2. Lýsing á helstu einkennum lánsamnings.</b>	
Tegund láns	
Heildarfjárhæð láns <i>Hér er átt við hámarksfjárhæð sem heimilt er að nýta samkvæmt lánsamningi</i>	
Skilyrði fyrir nýtingu láns <i>Hér er átt við hvernig og hvenær andvirði láns er greitt út</i>	
Gildistími lánsamnings	
Afborganir og, ef við á, í hvaða röð þeim er skipt niður  <i>Hér er ekki átt við niðurgreiðslutöflu, en um hana gilda ákvæði 25. gr. laganna</i>	Greiða þarf eftirfarandi: [Fjöldi, tíðni og fjárhæð greiðslna sem neytandi þarf að standa skil á] Vexti og/eða kostnað skal greiða á eftirfarandi hátt:
Heildarfjárhæð sem þarf að greiða <i>Hér er átt við lánsfjárhæð auk vaxta og hugsanlegs kostnaðar sem tengist lánsamningi</i>	[Heildarfjárhæð láns og heildarlántökukostnaður]
Ef við á: Lánið er veitt í því formi að greiðslu vöru eða þjónustu er frestað eða það er tengt afhendingu sérstakrar vöru eða veitingu þjónustu Heiti vöru/þjónustu Staðgreiðsluverð	

Ef við á: Tilskildar tryggingar	[Tegund tryggingar]
<i>Þetta er lýsing á tryggingu sem þarf að leggja fram í tengslum við lánsamning</i>	
Ef við á: Greiðslur leiða ekki þegar í stað til samsvarandi lækunar á heildarfjárhæð lánsamnings	
<b>3. Lánskostnaður.</b>	
Útlánsvextir, skilyrði um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem geta haft áhrif á upphaflega útlánsvexti, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtum; gildi mismunandi útlánsvextir við mismunandi aðstæður skal veita áður- nefndar upplýsingar um þá alla	[% – fastir eða – breytilegir (með vísitölu eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflega útlánsvexti) – tímabil]
Árleg hlutfallstala kostnaðar. <i>Þetta er heildarlántökukostnaður, lýst sem árlegum hundraðshluta af heildarfjárhæð láns. Árleg hlutfallstala kostnaðar auðveldar samanburð mismunandi lánstilboða</i>	[% Hér skal setja fram lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem eru notaðar við útreikning á hlutfallstölunni]
Er það skylda, til að geta fengið lánið eða fá það með auglýstum skilmálum og skilyrðum, – að kaupa tryggingu sem tengist láninu eða – að gera annan samning um viðbótarþjónustu?  <i>Ef lánveitandi þekkir ekki kostnað við þessa þjónustu er hann ekki talinn með í árlegri hlutfallstölu kostnaðar</i>	– Já/Nei [ef svarið er játandi skal tilgreina tegund tryggingar] – Já/Nei [ef svarið er játandi skal tilgreina tegund viðbótarþjónustu]
Tengdur kostnaður.	
Ef við á: Kostnaður við að hafa eina eða fleiri lánalínur þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð nema valfrjálst sé að opna lánalínu, ásamt kostnaði við notkun greiðsluleiða, bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána	
Ef við á: Fjárhæð kostnaðar við að nota sérstaka greiðsluaðferð (t.d. greiðslukort og seðilgjöld)	
Ef við á: Allur annar kostnaður sem leiðir af lánsamningnum (t.d. lántökukostnaður og þjónustugjöld)	
Ef við á: Skilyrði fyrir því að gera breytingar á fyrrenfdum kostnaði sem tengist lánsamningnum	
Ef við á: Skylda til að greiða gjöld vegna þinglýsinga eða skráningar samnings, stimpilgjöld og önnur gjöld, svo sem við að tryggja veðréttindi	
Kostnaður vegna greiðslu eftir gjalddaga	Neytandi verður krafinn um að greiða

<i>Vangoldnar greiðslur gætu haft alvarlegar afleiðingar (t.d. nauðungarsölu) og gert neytanda erfiðara um vik að fá lán í framtíðinni</i>	[.....(gildandi vextir og fyrirkomulag við aðlögun á þeim og, þegar við á, vanskilagjöld)] vegna vangoldinna greiðslna
<b>4. Aðrir mikilvægir lagalegir þættir.</b>	
Réttur til að falla frá samningi <i>Neytandi hefur fjórtán almanaksdaga frest til að falla frá lánessamningi án þess að tilgreina ástæðu</i>	Já.
Endurgreiðsla fyrir gjalddaga <i>Neytanda er heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánessamningi, að öllu leyti eða hluta, fyrir þann tíma sem umsaminn er</i>	Já.
Ef við á: Lánveitanda er heimilt að innheimta sanngjarnar bætur, uppgreiðslugjald, ef neytandi greiðir fyrir gjalddaga	[Ákvörðun bóta (reikningsaðferð) í samræmi við 18. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán]
Leit í gagnasafni. <i>Ef lánsúmsókn er hafnað á grundvelli leitar í gagnagrunni skal lánveitandi upplýsa neytanda, þegar í stað og honum að kostnaðarlausu, um niðurstöður slíkrar leitar og veita nánari upplýsingar um gagnagrunn sem leitað var í</i>	
Réttur til að fá drög að lánessamningi <i>Neytandi á rétt á að fá, samkvæmt beiðni og honum að kostnaðarlausu, afrit af drögum að lánessamningi. Þetta á ekki við ef lánveitandi er, þegar beiðnin er lögð fram, ófús að gera lánessamning við neytanda</i>	
Ef við á: Tímabilið sem lánveitandi er bundinn af upplýsingum sem veittar voru áður en samningur er gerður	Þessar upplýsingar gilda frá ... til ...
Ef við á: <b>5. Viðbótarupplýsingar ef um er að ræða fjarsölu á fjármálaþjónustu.</b>	
a) Varðandi lánveitanda	
Ef við á: Fulltrúi lánveitanda	[Heiti og kennitala]
Heimilisfang	[Heimilisfang sem neytanda ber að nota í samskiptum við lánveitanda]
Símanúmer (*)	
Tölvupóstfang (*)	
Bréfsímanúmer (*)	
Veffang (*)	
Ef við á: Skráning	[Opinber skrá sem lánveitandi er skráður í, svo sem fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, firmaskrá eða skrár Fjármálaeftirlitsins]
Ef við á:	

Eftirlitsstjórnvald	
b) Varðandi lánessamning	
Ef við á: Réttur til að falla frá samningi nýttur	[Hagnýtar leiðbeiningar um hvernig nýta megi réttinn til að falla frá samningi, þar sem m.a. kemur fram tímabilið til að nýta þann rétt, heimilisfang þangað sem senda skal tilkynningu um það og afleiðingar þess að nýta ekki þann rétt]
Ef við á: Þau lög sem liggja til grundvallar tengslum lánveitanda við neytanda áður en lánessamningur er gerður	
Ef við á: Ákvæði sem segir fyrir um þau lög sem gilda um lánessamninginn og/eða þar til bærán dómstól	[Viðkomandi ákvæði skal sett fram hér]
Ef við á: Val á tungumáli	Upplýsingar og samningsskilmálar verða afhentir á [hið tiltekna tungumál]. Með samþykki þínu höfum við í hyggju að eiga samskipti á [tiltekið tungumál, eitt eða fleiri] á gildistíma lánessamningsins
c) Varðandi úrlausn ágreiningsmála	
Tilvist kerfis fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar og aðgangur að því	Neytandi getur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki
(*) Valkvætt er fyrir lánveitanda að veita þessar upplýsingar.	

## VIÐAUKI 2

**Upplýsingar um tiltekna lánessamninga í formi yfirdráttarheimildar og tiltekinna sérstakra lánessamninga, sbr. 8. gr. laga nr. 33/2013.**

<b>1. Upplýsingar um lánveitanda og lánamiðlara.</b>	
Lánveitandi	[Heiti og kennitala]
Heimilisfang	[Heimilisfang sem neytanda ber að nota í samskiptum við lánveitanda]
Símanúmer (*)	
Tölvupóstfang (*)	
Bréfsímanúmer (*)	
Veffang (*)	
Ef við á:	
Lánamiðlari	[Heiti og kennitala]
Heimilisfang	[Heimilisfang sem neytanda ber að nota í samskiptum við lánveitanda]
Símanúmer (*)	
Tölvupóstfang (*)	
Bréfsímanúmer (*)	
Veffang (*)	
(*) Valkvætt er fyrir lánveitanda/lánamiðlara að veita þessar upplýsingar	
Þegar „ef við á“ er tilgreint skal lánveitandi/lánamiðlari fylla út reitinn ef upplýsingarnar varða lánssamning en eyða viðkomandi upplýsingum eða allri línunni ef upplýsingarnar varða ekki þá tegund láns sem haft er í huga	
Texti innan hornklofa er til skýringar fyrir lánveitanda/lánamiðlara og í hans stað skal setja tilgreindar upplýsingar	
<b>2. Lýsing á helstu einkennum lánessamnings.</b>	
Tegund láns	
Heildarfjárhæð láns <i>Hér er átt við hámarksfjárhæð sem heimilt er að nýta samkvæmt lánssamningi</i>	
Gildistími lánessamnings	
Ef við á: Neytandi getur hvenær sem er verið krafinn um endurgreiðslu allrar lánsfjárhæðar	
<b>3. Lánskostnaður.</b>	
Útlánsvextir eða, ef við á, mismunandi útlánsvextir sem gilda um lánssamning	[% – fastir eða – breytilegir (með vísitölu eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflega útlánsvexti) – tímabil]
Ef við á: Árleg hlutfallstala kostnaðar <i>Þetta er heildarlántökukostnaður, lýst sem árlegum hundradshluta af heildarfjárhæð láns.</i> Árleg hlutfallstala kostnaðar auðveldar samanburð mismunandi lánstilboða	[% Hér skal setja fram lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem eru notaðar við útreikning á hlutfallstölunni]

Ef við á: Kostnaður. Ef við á: Skilyrði fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði	[Kostnaður sem gildir frá þeim tíma þegar lánsamningur er gerður]
Kostnaður vegna greiðslu eftir gjalddaga	Neytandi verður krafinn um að greiða [.....(gildandi vextir og fyrirkomulag við breytingu á þeim og, þegar við á, vanskilagjöld)] vegna vangoldinna greiðslna
<b>4. Aðrir mikilvægir lagalegir þættir.</b>	
Uppsögn lánsamnings	[Skilyrði og málsmeðferð ef lánsamningi er sagt upp]
Leit í gagnasafni <i>Ef lánsúmsókn er hafnað á grundvelli leitar í gagnagrunni skal lánveitandi upplýsa neytanda, þegar í stað og honum að kostnaðarlausu, um niðurstöður slíkrar leitar og veita nánari upplýsingar um gagnagrunn sem leitað var í</i>	
Ef við á: Tímabilið sem lánveitandi er bundinn af upplýsingum sem veittar voru áður en samningur er gerður	Þessar upplýsingar gilda frá ... til ...
Ef við á: <b>5. Viðbótarupplýsingar sem gefa skal ef um er að ræða fjarsölu á fjármálaþjónustu.</b>	
a) Varðandi lánveitanda	
Ef við á: Fulltrúi lánveitanda	[Auðkenni og kennitala]
Heimilisfang	[Heimilisfang sem neytanda ber að nota]
Símanúmer (*)	
Tölvupóstfang (*)	
Bréfsímanúmer (*)	
Veffang (*)	
Ef við á: Skráning	[Opinber skrá sem lánveitandi er skráður í, svo sem fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, firmaskrá eða skrár Fjármálaeftirlitsins]
Ef við á: Eftirlitsstjórnvald	
b) Varðandi lánsamninginn	
Ef við á: Réttur til að falla frá samningi nýttur	[Hagnýtar leiðbeiningar um hvernig megi nýta réttinn til að falla frá samningi, þar sem m.a. kemur fram tímabilið til að nýta þann rétt, heimilisfang sem senda skal tilkynningu um það á og afleiðingar þess að nýta ekki þann rétt]
Ef við á: Þau lög sem liggja til grundvallar tengslum lánveitanda við neytanda áður en lánsamningur er gerður	
Ef við á:	

Ákvæði sem segir fyrir um þau lög sem gilda um lánsamninginn, og/eða þar til bærán dómstól	[Viðkomandi ákvæði skal sett fram hér]
Ef við á: Val á tungumáli	Upplýsingar og samningsskilmálar verða afhentir á [hið tiltekna tungumál]. Með samþykki þínu höfum við í hyggju að eiga samskipti á [tiltekið tungumál, eitt eða fleiri] á gildistíma lánsamningsins
c) Um úrlausn ágreiningsmála	
Tilvist kerfis fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar og aðgangur að því	Neytandi getur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánnum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki
(*) Valkvætt er fyrir lánveitanda að veita þessar upplýsingar.	